RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Davíð Kristján Chatham Pitt
Kt. 1010695249
Dags. 23.8.2022 12:09:07
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 23.8.2022 12:59:33
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 06.07.2022.




Afstöðumynd Mkv 1:1000

HELSTU STÆRÐIR:

Brúttóflötur húss jarðhæð ( mhl 01 ) Samtals 150 m2

Brúttórúmmál húss (mhl 01 ) er 579.1 m3

Brúttóflötur húss svefnloft ( mhl 02 ) Samtals 25 m2

Brúttórúmmál húss (mhl 02 ) er 82,3 m3

Stærð lóðar 7941 m2

Einangrunn skal uppfylla eftirfarandi kólnunartölur:

| | |
|---|---|
| Þak: | U<0,2W/m2°C |
| Léttir útveggir: | U<0,3W/m2°C |
| Gluggar: | U<2,00W/m2°C |
| Hurðir: | U<3,00W/m2°C |
| Gólf að útlofti: | U<0,20W/m2°C |

Arineining (Kamína) verður komið fyrir á steyptum sökkli. Einangrað reykrör úr stáli verður innaní steyptum skorsteini og frágangur skal uppfylla gr. 9.6.5. og 9.6.6. í BR 112/2012.

Auðkenni um staðsetningu frístundahúss sem gefa má upp til neyðarlínu skal vera staðsett utandyra á útvegg.

BYGGINGARLÝSING:

Húsið er í Ásgarði, Grímsnesi og er frístundarhús á einni hæð ásamt svefnlofti. Húsið er úr timbri með einhalla þaki en láréttu að hluta og stendur á steyptum sökklum með steyptri gólfplötu. Aðkoma að húsinu er úr noðri frá Giljatunguvegi. Ekki er gerð krafa um algilda hönnun en einfalt væri að breyta innréttingum ofl. til að uppfylla þau skilyrði. Fellistígi er uppá á svefnloft. Breiddir og hæðir inni og útihurða ásamt breidd á göngum uppfylla kröfur Br. 6.4.2-3.4.

Útveggir eru byggðir upp af 145 x 45 mm stoðum c/c 600 mm með145 mm steinull. Að utan er 9 mm OSB plötur, öndunardúkur, loftagrind og lóðrétt lerki klæðningu sem fær að grána. Að innan er rakasperruplast, lagnagrind 34 x 45 mm, 9 mm krossviður og gifsklæðninig. kólnunartala útveggja er að hámarki 0,30W/m2°C

Þak er timburþak byggt upp af sperrum 45 x 225 mm, með loftunarbil 30 mm á milli sperra yfir ull, ofan á sperrur er 22 mm krossviður, þar ofaná tvöfallt tjörupappalag. Þak er einangrað með 220 mm einangrun á milli sperra, vírað er undir einangrunn og þar undir rakasperra. Kólnunartala þaks er að hámarki 0,20W/m2°C. Loft eru klædd viðar panil. Lágrétt þök og þak útihúss verður lárétt sperruþak með grasi og kólnunartala sú sama.

Gólfplata er einangruð með 120 mm plasteinangrunn.

Gluggar eru dökkmálaðir álklæddir timburgluggar með tvöföldu einangrunargleri, settir í og þéttir eftirá. Kólnunartala glugga er að hámarki 2,00W/m2°C. Öll gólfsíð gler nær 60 cm frá gólfi skulu vera öryggisgler.

Gólfplötur eru staðsteyptar með gólfhita og harðvið sem efsta lag. Húsið er hitað með blöndu af gólfhita og hefðbundnum ofnakerfum. Lagnaleiðir eru undir gólfplötu, í innveggjum og yfir niðurteknum loftum. Inntök lagna eru í geymslu. Neysluvatnslagnir eru í gólflögn og í léttum veggjum. Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C.

Veggklæðningar eru í flokki 1. Innveggir eru ýmist úr hlöðnum hraunstein, gifsplötum eða panil klæðning eftir því sem við á.

Reykskynjarar með hljóðgjafa eru í svefnherbergjum og í aðalrými. Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð (9 ltr. léttvatnstæki) eru staðsett í húsinu: Í anddyrum og á svefnlofti. Í eldhúsi er einnig eldvarnarteppi .

Arinn eining (Kamína) verður komið fyrir í steyptu eldstæði. Einangrað reykrör úr stáli verður innaní steyptum skorsteini og frágangur annar í samræmi við meginreglu í grein 9.6.6. byggingarreglugerðar.

Flóttaleiðir koma fram á teikningum. Flóttaleið af rislofti er út um glugga og niður fellistiga.

Nátturleg loftræstingu er í öllum rýmum um opnanleg gluggafög. Gluggalaus rými eru loftræst samkv. reglugerð, sem og inntök rafmagns, hitaveitu og vatns og niðurföll í votrýmum. Útsog baðherb. 15/l s, eldhús 30/ls.

Sameiginlegur sorpgámur er á svæðinu sem sveitafélagið sér um þjónustu á.

Heitur pottur á lóð er frágengin skv. byggingarreglugerð og er með læstu loki.

Pallar við hús eru klæddir lerki.

Rafveita tengist rafveitukerfi Rarik. Heitt vatn kemur frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Rotþró er sameiginleg með lóðum Giljatungu 14 til 32.

Leitast verður eftir að framkvæmdin falli vel að náttúrulegu landslagi, gróðurfari og nálægðri byggð.

**Giljatunga 28**
**Ásgarður, Grímsnesi**

Teikning: T101 Dags. 25.05.2022 / 1.7.2022

Afstöðumynd, byggingarlýsing

Mælikvarði: 1:1000

Hverfisgata 54
101 Reykjavík
Davíð Kristján Pitt arkitekt faí
101069-5249
GSM 896 2490 / dkpitt@simnet.is




1:100 Grunnmynd 1. hæð




1:100 Svenfloft

**Giljatunga 28**

**Ásgarður, Grímsnesi**

Teikning: T102 Dags. 25.05.2022 / Uppf. 1.7.2022

**Grunnmynd 1. hæð,**

**Svenfloft**

Mælikvarði: 1:100

Hverfisgata 54
101 Reykjavík
Davíð Kristján Pitt arkitekt faí
101069-5249
GSM 896 2490 / dkpitt@simnet.is




Sneiðing AA 1:100




Sneiðing BB 1:100

**Giljatunga 28**
**Ásgarður, Grímsnesi**

Teikning: T103 Dags. 25.05.2022 / Uppf. 1.7.2022

**Sneiðing AA, Sneiðing BB**

Mælikvarði: 1:100

Hverfisgata 54
101 Reykjavík
Davíð Kristján Pitt arkitekt faí
101069-5249
GSM 896 2490 / dkpitt@simnet.is




Norður 1:100




Austur 1:100




Suður 1:100




Vestur 1:100

## Giljatunga 28
## Ásgarður, Grímsnesi

Teikning: T104 Dags. 25.05.2022 / Uppf. 1.7.2022

**Norður, Austur, Suður, Vestur**

Mælikvarði: 1:100

Hverfisgata 54
101 Reykjavík
Davíð Kristján Pitt arkitekt faí
101069-5249
GSM 896 2490 / dkpitt@simnet.is

